

Bæjarstjórn - 1914

FUNDARBOÐ

**1914. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 16.
ágúst 2023 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

2. 2202571 - Víkingastræti 2, breyting á deiliskipulag

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júlí sl.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15.03.2023 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Víkingastræti 2 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar Hafnarfjarðar á reit R4. Tillagan var auglýst tímabilið 5.4.-17.5.2023. Kynningarfundur var haldinn 30. maí. Athugasemdir bárust. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa þann 15.6.2023 að ræða við skipulagshöfunda. Lögð fram svör skipulagsfulltrúa við framkomnum athugasemdum og uppfærð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Víkingastrætis.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Lovísa Traustadóttir og Guðrún Lísá Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

3. 2101519 - Ásland 4, deiliskipulag

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júlí sl.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 26. apríl sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Áslands 4. áfanga í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
Helstu breytingar tillögunnar eru; Byggingarreitur leikskólans er stækkaður og bílastæði færð til. Göngubrú yfir Ásvallabraut færð til suð- vesturs við hringtorgið byggingarreitur raðhúsa við Axlarás stækka og fjölga sem og að hluti þeirra verður á tveimur hæðum. Lóð við Skógarás 2 stækkar. Einbýli við Virkisás 20 verður einnar hæða. Einbýli við Hryggjarás 17 og 19 verða einnar hæða. Einbýli nr. 17-33 ofan götu við Virkisás og Hryggjarás 21 fá val um að byggja einnar eða tveggja hæða hús.
Fellur er niður göngustígur í grænum geira milli Axlarás og Ásvallabrautar. Fresti til að skila inn athugasemdum lauk 26.6.2023. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir uppfærða tillögu deiliskipulags Áslands 4 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2109411 - Völuskarð 32, breyting á deiliskipulagi

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júlí sl.
Tekin fyrir að nýju umsókn Ragnars Kaspersen um breytingu á deiliskipulagi.
Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á húsgerð, fjölgun eigna um eina.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2111539 - Straumsvík, deiliskipulag

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 13.júlí sl.
Bæjarstjórn samþykkti 1.3.2023 að auglýsa tillöga að breyttu deiliskipulagi Straumsvíkur sunnan Reykjanesbrautar. Í breytingartillögunni felst að hafnarsvæði H4 er stækkað um rúmlega 1 ha vegna áforma um nýjan aðkomuveg á landfyllingu og skipulagsákvæðum er breytt. Gert er ráð fyrir nýjum vegi til suðurs sem tengir starfsemi beggja vegna Reykjanesbrautar, jafnframt undirgöngum undir Reykjanesbrautina. Iðnaðarsvæði I5 er stækkað sunnan Reykjanesbrautar og skipt upp í I5A norðan Reykjanesbrautar og I5B sunnan hennar. Efnistökusvæði við Rauðamelsnámu er einnig skilgreint. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 26.6.2023. Engar athugasemdir bárust.

Tillaga að bókun:

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Kosningar

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Kosning varaformanna.

Bæjarráð ? varaformaður Orri Björnsson, Kvistavöllum 29 (D)

Fjölskylduráð ? varaformaður Helga Ingólfssdóttir, Brekkugötu 26 (D)

Fræðsluráð ? varaformaður Bjarney Grendal Jóhannesdóttir, Miðvangi 107 (B)

Skipulags- og byggingarráð ? varaformaður Árni Rúnar Árnason, Álfaskeiði 72 (B)

Umhverfis- og framkvæmdaráð ? varaformaður Árni Rúnar Árnason, Álfaskeiði 72 (B)

Fundargerðir

6. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn

14.08.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

